



Framkvæmda- fréttir 24. tbl. /07




Rýnt í svörðinn

Hafdís Eygló Jónsdóttir jarðfræðingur hjá Vegagerðinni á Akureyri skoðar fyrirhugaðar skeringar á Norðausturvegi (85), Vopnafjarðarleið 1. áfanga, Brunahvammsháls - Bunguflói, sem væntanlega verður boðinn út í haust.

Rögvaldur Jónsson fékk Svaninn

Rögvaldur Jónsson fyrrverandi framkvæmdastjóri framkvæmdasviðs Vegagerðarinnar fékk afhent heiðursverðlaun Norræna vegtæknisambandsins þegar stjórn sambandsins fundaði hér á landi í ágúst. Verðlaunin eru nefnd *Svanurinn*.

Rögvaldur Jónsson hóf störf hjá Vegagerðinni 1967. Hann lét til sín taka hjá Norræna vegtæknisambandinu fyrst á árinu 1978 sem ritari nefndar 33 sem fjallar um bundið slitlag. Þar var hann ritari til áramótanna 1994-1995 þegar hann varð ritari Íslands í NVF samstarfinu. Hann hefur alla tíð haft mikinn áhuga á norrænu samstarfi og unnið af krafti því til framdráttar. Það var Jukka Hirvelä formaður NVF sem afhenti Rögvaldi Svaninn. Myndin er fengin af vef NVF.



Framkvæmdafréttir Vegagerðarinnar 24. tbl. 15. árg. nr. 478 17. sept. 2007

Ritstjórn
og umsjón útgáfu:
**Viktor Arnar
Ingólfsson**

Ábyrgðarmaður:
Gunnar Gunnarsson
Prentun: Gutenberg

Ósk um áskrift sendist til:
**Vegagerðin
Framkvæmdafréttir
Borgartúni 7
105 Reykjavík**
(bréfsími 522 1109)
eða vai@vegag.is

Vegagerðin gefur út Framkvæmdafréttir til að kynna útboðsframkvæmdir fyrir verktökum. Fyrirhuguð útboð eru kynnt, útboðsauglýsingar eru birtar og greint er frá niðurstöðum og samningum. Auk þess er í blaðinu annað það fréttafni sem verður til hjá stofnuninni og talið er að eigi erindi til verktaka. Áskrifendur eru m.a. verktakar, verkfræðistofur og fjölmiðlar. Áskrift er endurgjaldslaus.

Niðurstöður útboða

Skorradalsvegur (508),

Grund – Hvammur 07-029

Tilboð opnuð 28. ágúst 2007. Endurlögn á 2,74 km löngum kafla Skorradalsvegur milli Grundar og Hvamms.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	18.120 m ³
Neðra burðarlag	5.300 m ³
Efra burðarlag	4.300 m ³
Tvöföld klæðing	18.500 m ²
Ræsalögn	256 m
Frágangur fláa	21.800 m ²

Verkinu er skipt í tvo áfanga. Skal fyrri áfanga lokið eigi síðar en 30. nóvember 2007 og verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 15. júlí 2008.


nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
8 Ýtan ehf., Reykjavík	66.948.400	192,3	31.059
8 Heimir og Þorgeir hf., Garðabæ	51.000.000	146,5	15.111
7 Ístrúkkur ehf., Kópaskeri	46.517.355	133,6	10.628
6 Velverk ehf., Borgarnesi	41.511.750	119,2	5.622
5 Jörvi ehf., Hvanneyri	40.967.800	117,7	5.078
4 Kaldólfur ehf. og Haraldur Helgason	40.398.550	116,0	4.509
3 Klæðning ehf., Hafnarfirði	39.000.000	112,0	3.111
2 Borgarverk ehf., Borgarnesi	38.000.000	109,1	2.111
1 Próttur ehf., Akranesi	35.889.500	103,1	0
--- Áætlaður verktakakostnaður	34.821.273	100,0	-1.068

Héðinsfjarðargöng

Vinna við gröft Héðinsfjarðarganga frá Siglufirði gekk vel í viku 36. Lengd ganga þeim megin frá er nú um 2.367 m og lengdust göngin þar um 75 m í vikunni.

Ólafsfjarðarmegin var hins vegar ekkert sprengt í vikunni vegna vatnsæðar sem er skammt framundan gangastafni. Beðið er eftir frekari tækjabúnaði og efnum til bergþéttingar. Á meðan var unnið við endanlegar styrkingar í vikunni. Lengd ganga þeim megin er því óbreytt eða 1.795 m.

Samanlögð lengd ganga er nú um 4.162 m sem er um 39,3% af heildarlengd.



Staða framkvæmda við Héðinsfjarðargöng 10. sept. 2007. Búið er að sprengja 2.367 m í Siglufirði og 1.795 m í Ólafsfirði.

Hringvegur (1), nýtt hringtorg við Þingvallaveg (36)

Nýtt hringtorg á vegamótum Hringvegur og Þingvallavegar var tilbúið 7. september sl. Vinnan við gerð þess hófst í byrjun júní og tók því rétta þrjá mánuði að ljúka því. Unnið var bæði daga og nætur. Næturvinnan var til þess að létta á umferðinni á daginni enda um einn umferðarmesta kafla vegakerfisins að ræða.

Hringtorg á þessum stað mun auðvelda umferð af Þingvallaveginum inná Vesturlandsveginn og auka umferðaröryggi til muna. Ístak hf. var verktaki en Fjölhönnun sá um eftirlitið.

Á myndinni hér til hægri eru frá vinstri talið: Hafsteinn Gunnarsson frá Ístaki, Júlíus Þór Júlíusson frá Fjölhönnun, Mikael J. Traustason frá Fjölhönnun, Þröstur Sívertsson frá Ístaki, Jóhann J. Bergmann frá Vegagerðinni og Friðbert Pálsson frá Ístaki.

Hringvegur (1),

Pvottár- og Hvalnesskriður 07-018

Tilboð opnuð 11. september 2007. Endurlögn 4,2 km

kafla Hringvegur (1) um Pvottár- og Hvalnesskriður í Djúpavogshreppi og Sveitarfélaginu Hornafjörður.

Vegarkafllinn nær frá slitlagsenda við norðanverðar Pvottárskriður að slitlagsenda sunnan Hvalnesskriða.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	56.000 m ³
Neðra burðarlag	7.000 m ³
Efra burðarlag	4.000 m ³
Tvöföld klæðing	27.000 m ²
Ræsalögn	256 m
Bitavegrið	2.860 m
Grjótkassar	430 stk.
Frágangur fláa	67.000 m ²

Útlögn klæðingar skal lokið 1. júlí 2008. Verkinu skal að fullu lokið fyrir 1. september 2008.

nr. Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
5 Vegamenn ehf., Reykjavík	153.847.500	191,1	104.999
4 S.G. vélar ehf., Djúpavogi	99.922.338	124,1	51.074
--- Áætlaður verktakakostnaður	80.527.000	100,0	31.678
3 MCC ehf., Neskaupstað	80.090.016	99,5	31.241
2 Héraðsverk hf., Egilsstöðum	74.753.044	92,8	25.904
1 Rósaberg ehf., Hornafirði	48.848.800	60,7	0



Göngubrú á Hítará, smíði stáls

07-075

Tilboð opnuð 4. september 2007. Smíði og yfirborðsmeðhöndlun á stáli í göngubrú á Hítará við Snæfellsnesveg.

Helstu magntölur eru:

Handrið	74 m
Stálsmíði	5,54 tonn
Heitgalvanhúðun	19,1 m ²
Málun	65,4 m ²

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. febrúar 2008.

nr.	Bjóðandi	Tilboð (kr.)	Hlutfall (%)	Frávik (þús.kr.)
8	Slippurinn Akureyri ehf.	9.361.820	318,0	5.835
7	Vélsmiðja Alla ehf., Blönduósi	7.703.604	261,7	4.177
6	Myllan ehf., Egisstöðum	6.938.228	235,7	3.411
5	Normi ehf., Vogum	6.263.555	212,8	2.737
4	Steinhella ehf., Hafnarfirði	5.422.030	184,2	1.895
3	Suðulist - Reisir ehf., Hafnarfirði	4.285.800	145,6	759
2	Grímur ehf., Húsavík	4.229.604	143,7	703
1	Goðatún ehf., Hafnarfirði	3.527.055	119,8	0
---	Áætlaður verktakakostnaður	2.943.714	100,0	-583

Auglýsingar útboða

Skeiða- og Hrunamannavegur (30), Hvítárdalur – Foss

07-030

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurlögn 5,1 km kafla Skeiða- og Hrunamannavegar, frá slitlagsenda neðan við Hvítárdal að Fossi.


Helstu magntölur eru:

Bergskering	60.000 m ³
Efnisvinnsla	20.000 m ³
Fylling	56.090 m ³
Fláafleygar	27.670 m ³
Neðra burðarlag	24.000 m ³
Efra burðarlag	6.675 m ³
Tvöföld klæðing	41.130 m ²
Ræsalögn	225 m
Girðingar	19 km
Frágangur fláa	97.820 m ²

Verkinu skal að fullu lokið 1. október 2008.

Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Breiðumýri 2 á Selfossi og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánudeginum 17. september 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 2. október 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.



Samtals er búið að sprengja 4.162 m sem er 39,3% af heildarlengd.

Yfirlit yfir útboðsverk

Þessi listi er stöðugt til endurskoðunar og geta dagsetningar og annað breyst fyrirvaralaust. Það eru auglýsingar útboða sem gefa endanlegar upplýsingar. Fremst í lista er númer útboðs í númerakerfi framkvæmdaedeildar. Rautt númer = nýtt á lista

Fyrirhuguð útboð	Auglýst: dagur, mánuður, ár
07-089 Dettifossvegur (862), Dettifoss - Norðausturvegur	08
07-091 Auðsholtsgöngur (340), um Syðra Langholt	07
07-088 Norðfjarðarvegur (92), um Hólmaháls	07
07-090 Lyngdalsheiðarvegur (365), Laugarvatn - Miðfell	07
07-087 Vestfjarðavegur (60), Hofstaðavegur - Þorskafjarðarvegur	07
07-084 Suðurstrandarvegur (427), Herdísarvík - Þorlákshafnarvegur	07
07-085 Óshlíðargöng, eftirlit	07
07-086 Strandavegur (643), Djúpvogur - Drangnesvegur	07
07-070 Eyjafjarðarbraut vestri (821), Sandhólar - Nes	07
07-063 Upphéraðsvegur, Setberg - Ormarsstaðaá	07
07-026 Hringvegur (1), Draugahlíðarbrekka - Fossvellir, breikkun vegar	07
07-038 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg, eftirlit	07
07-037 Reykjanesbraut (41), gatnamót við Arnarnesveg	07
07-040 Álfarnesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur, eftirlit	07
07-039 Álfarnesvegur (415), Hafnarfjarðarvegur - Bessastaðavegur	07
07-031 Þórsmerkurvegur (249), Gljúfurá - Dalsá	07
07-019 Norðausturvegur (85), Brunahvammsháls - Bunguflói	07
07-012 Skagavegur (745), snjóastaðir	07
07-011 Framsveitarvegur (576), Snæfellsnesvegur - golfvöllur	07
07-010 Leirársveitarvegur (504), Leirá - Svínadalsvegur	07
07-009 Hvammstangavegur (72) um Hvammstanga	07
06-031 Hringvegur (1), Borgarnes, vistgata	07
06-006 Upphéraðsvegur (931), Fellabær - Ekkjufell	07
06-007 Dettifossvegur (862), Hringvegur - Dettifoss	07
06-017 Hringvegur (1) um Hrutafjarðarbotn	07

Auglýst útboð	Auglýst:	Opnað:
07-030 Skeiða- og Hrunamanna-vegur (30), Skipholt - Foss	17.09.07	02.10.07
07-008 Miðfjarðarvegur (704), Laugarbakki - Hringvegur	17.09.07	02.10.07

Útboð á samningaborði	Auglýst:	Opnað:
07-018 Hringvegur (1), Hvalnes- og Þvottáskriður	27.08.07	11.09.07
06-029 Skorraddalsvegur (508), Grund - Hvammur	13.08.07	28.08.07
07-075 Göngubrú á Hitará, smíði stáls	13.08.07	04.09.07
07-081 Vetarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Norðfjarðarvegur (92)	30.07.07	14.08.07

Útboð á samningaborði, framhald	Auglýst:	Opnað:
07-082 Vetarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2009, Norðausturvegur (85) Lón - Raufarhöfn	30.07.07	14.08.07
07-080 Vetarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Suðurfjarðavegur (96)	30.07.07	14.08.07
07-079 Vetarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hringvegur (1) Breiðdalsvík - Djúpvogur, Axarvegur	30.07.07	14.08.07
07-078 Vetarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hringvegur (1) Djúpvogur - Höfn	30.07.07	14.08.07
07-077 Vetarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hringvegur (1) Höfn - Öræfi	30.07.07	14.08.07
07-083 Vetarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2009, Norðausturvegur (85) Raufarhöfn - Fell	30.07.07	14.08.07
07-052 Vetarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Bakkafjörður - Vopnafjörður	30.07.07	14.08.07
07-062 Óshlíðargöng, forval	18.06.07	07.08.07
07-072 Vetarþjónusta á Norðausturvegi (85) á Tjörnnesi og Kísilvegi (87) 2007-2010	16.07.07	31.07.07
07-073 Vetarþjónusta á Hringvegi (1), Aðaldalsvegur (845) – Biskupsháls. 2007-2010	16.07.07	31.07.07
07-074 Vetarþjónusta á Hringvegi (1), Norðausturvegi (85) og Aðaldalsvegi (845) frá Krossi til Húsavíkur 2007-2010	16.07.07	31.07.07
07-053 Vetarþjónusta Norðaustursvæði 2007-2010, Hérað	16.07.07	31.07.07

Samningum lokið Opnað: Samið:

Ekki hefur verið lokið við neina samninga frá því 22. tölublað kom út.

Auglýsingar útboða

Miðfjarðarvegur (704), Laugarbakki – Hringvegur 07-008

Vegagerðin óskar eftir tilboðum í endurbyggingu 0,6 km kafla Miðfjarðarvegur (704) frá Laugarbakka að Hringvegi.

Helstu magntölur eru:

Fylling og fláafleygar	17.050 m ³
Neðra burðarlag	3.450 m ³
Efra burðarlag	1.460 m ³
Tvöföld klæðing	6.220 m ²
Frágangur fláa	17.100 m ²
Ræsalögn	88.5 m
Bitavegríð	130 m

Verkinu skal að fullu lokið eigi síðar en 1. júlí 2008. Útboðsgögnin verða seld hjá Vegagerðinni Dagverðardal á Ísafirði, Borgarsíðu 8 á Sauðárkróki og Borgartúni 7 í Reykjavík (móttaka) frá og með mánuðeginum 17. september 2007. Verð útboðsgagna er 4.000 kr.

Skila skal tilboðum á sömu stöðum fyrir kl. 14:00 þriðjudaginn 2. október 2007 og verða þau opnuð þar kl. 14:15 þann dag.